

Umsögn um Samgönguáætlun 2005-2005
Gunnar Svavarsson, forseti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar.
Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri.

Ályktun Bæjarstjórnar Hafnarfjarðar um samgönguáætlun 2005-2008

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar gerir alvarlegar athugasemdir við aðeins rétt um fimmtungur af framlögum til vegaf framkvæmda munu renna til nýframkvæmda á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi að Vegaáætlun 2005-2008.

Þegar horft er til bæði fólksfjölda og þess mikla umferðarþunga sem er á höfuðborgarsvæðinu og fer sífellt vaxandi og þeirrar brýnu þarfar sem er fyrir hendi á margvíslegum úrbótum og framkvæmdum í vegamálum, þá er ljóst að þessi fjárhæð dugar engan veginn til og er í engu samræmi við eðlilega og sanngjarna skiptingu.

Mörg verkefni bíða nú úrlausnar í þjóðvegamálum í Hafnarfirði. Sérstaklega skal bent á tilfærslu á Krísuvíkurvegi í endanlega legu við nýbyggingarsvæðin á Völlum og tengingu við Reykjanesbraut, sem samkvæmt mati Vegagerðarinnar er mjög nauðsynlegt verkefni. Hins vegar eru engir fjármunir áætlaðir í þessa brýnu framkvæmd fyrr en á árinu 2008. Alls ófært er að umferð malar- og flutningabíla sé lengur í gegnum nýbyggingarsvæðið á Völlum.

Af öðrum brýnum verkefnum sem nauðsynlegt er að horfa til nú þegar eru m.a.:

- ✓ Tvöföldun Reykjanesbrautar frá Kaldárselsvegi og suður.
- ✓ Færsla á Reykjanesbraut við Álverið í Straumsvík v. stækkunar álversins.
- ✓ Umferðaröryggisaðgerðir á Reykjavíkurvegi frá Arnarhrauni að Engidal.
- ✓ Umferðaröryggisaðgerðir á Fjarðarhrauni við gatnamót Hólshrauns og Hjallahrauns
- ✓ Umferðaröryggisaðgerðir á Strandgötu milli Lækjargötu og Fornubúða.
- ✓ Lagfæringar á Kaldárselsvegi vegna nýs deiliskipulags og íbúðabyggingar í Áslandi 2.
- ✓ Úrbætur og slitlag á ferðamannaveg frá Sörlastöðum að Kaldárseli.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hvetur þingmenn til að horfa til þessara verkefna í vegamálum í bænum sem og annarra brýnna úrlausnarefna í vegaf framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu við yfirferð og afgreiðslu á samgönguáætlun og tryggja réttláta og sanngjarna skiptingu á almannafé til til þessara verkefna á landinu öllu.